



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM LAUSAFJÁRÁHÆTTU LÁNASTOFNANA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM
LAUSAFJÁRÁHÆTTU LÁNASTOFNANA

2021 nr. 6

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 12. maí nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is.

REGLUR

um lausafjánhættu lánastofnana

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um lánastofnanir, og samstæður þeirra, sem reikna lausafjánhlutfall í samræmi við reglur um lausafjánhlutfall lánastofnana, nr. 266/2017.

2. gr.
Útreikningur á lausafjánhlutfalli.

Lánastofnun sem skylt er að reikna lausafjánhlutfall skv. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, í samræmi við reglur um lausafjánhlutfall lánastofnana nr. 266/2017, skal, eftir því sem við á, fylgja ákvæðum reglugerða (ESB) sem tilgreindar eru í 3. gr.

3. gr.
Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/233 frá 13. febrúar 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, er afar þröng, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 89-90.](#)
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2344 frá 15. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjäreigna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 91-93.](#)
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/709 frá 26. janúar 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrði fyrir beitingu undanþága varðandi gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjäreigna, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 82-86.](#)
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/208 frá 31. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir viðbótarústreymi lausafjár sem samsvarar tryggingarþörfinni sem leiðir af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti stofnunar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 87-88.](#)
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1230 frá 31. maí 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar aukalegu hlutlægu viðmiðanirnar fyrir beitingu ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls lausafjár vegna ónotaðra lána eða lausafjáfyrirgreiðslu innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis, sem tekin var upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1230 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32017R1230>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 177, þann 8. júlí 2017, bls. 7-10.

4. gr.
Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í f-lið 2. mgr. og f-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað.